

---

## Stofnsamþykktir fyrir Fókus, félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu (m. breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi 1.des. 2011)

### 1. grein

#### Nafn hópsins

Nafn hópsins er Fókus, félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Það er faghópur innan Skýrslutæknifélags Íslands, með þeim skyldum og réttindum sem það felur í sér (sjá þó 3.og 4. grein).

### 2. grein

#### Markmið

Markmið félagsins er:

- að vekja athygli á hlutverki upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, sérstaklega hvað varðar gæði þjónustu, öryggi sjúklinga og hagræðingu í rekstri.
- að breiða út þekkingu á og stuðla að skynsamlegri notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- að auka samstarf og skilning á milli mismunandi hópa fagfólks í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- að skapa þverfaglegan vettvang fyrir faglega umræðu og tengsl milli félaga í hópnum svo og félagsmanna í Skýrslutæknifélagi Íslands.
- að koma fram opinberlega fyrir hönd fagfólks í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- að stuðla að góðu siðferði við notkun upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- að styrkja rannsóknir, menntun og þróunarstarf í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.
- að stuðla að samstarfi við félög í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum.
- að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

### 3. grein

#### Réttur á aðild

Rétt á aðild að félaginu á allt fag- og áhugafólk um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Hægt er að vera eingöngu félagi í félaginu eða eiga jafnframt fulla aðild að Skýrslutæknifélagi Íslands. Umsókn um aðild skal berast til skrifstofu Skýrslutæknifélagsins.

### 4. grein

#### Réttindi og skyldur félaga

Félagar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum félagsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Félögum ber að virða lög félagsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar. Félögum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar. Félögum er skylt að greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar Skýrslutæknifélagsins og félagi sem ekki greiðir félagsgjöld í 2 ár missir öll réttindi í félaginu.

## 5. grein

### Aðalfundur

Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega að hausti. Allir félagar eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt. Fundurinn skal boðaður félögum skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundarefni svo og allar tillögur sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði. Stjórn félagsins skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar. Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

- Setning fundar og kynning dagskrár
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar félagsins um störf hans á liðnu starfstímabili
- Starfsáætlun næsta starfsárs lögð fram
- Breytingar á félagssamþykktum
- Kosning formanns
- Kosning annarra stjórnarmanna
- Kosning í nefndir félagsins
- Önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til breytinga á samþykktum félagsins (sjá gr. 6). Komi fram tillaga um að leggja félagið niður þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæðisbærra félaga. Halda skal gerðarbók um aðalfundi félagsins og skrá allar samþykktir og ákvarðanir. Málefni sem óskast tekin fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn félagsins að a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund.

## 6. grein

### Breytingar á samþykktum félagsins

Samþykktum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillaga til breytingar skal berast stjórn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ef tillaga til breytingar verður tekin til meðferðar á aðalfundi skal þess getið í fundarboði og gerð grein fyrir tillögunni þar.

## 7. grein

### Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skipa 5 félagar og tveir til vara kosnir á aðalfundi félagsins. Formaður skal kosinn sérstaklega. Í stjórn eru auk formanns, ritari sem jafnframt er varaformaður og þrír meðstjórnendur. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára og skulu ganga úr stjórn á víxl. Varamenn skulu kosnir til eins árs. Hætti stjórnarmaður á kjörtímabilinu skal varamaður taka sæti hans til næsta aðalfundar en þá skal kjósa stjórnarmann í hans stað til loka kjörtímabils hans. Skal það gert áður en gengið er til kosninga um aðra stjórnarmenn. Stjórn félagsins skal vera þannig skipuð að hún endurspegli sem best þekkingu og starfssvið félaga í félaginu. Sama skal gilda um varamenn.

## 8. grein

### Gildistími

Lög þessi öðlast gildi á stofnfundi félagsins.

Breytingar á 7. grein voru samþykktar á aðalfundi Fókus 1. des. 2011